Leikskólinn Fagrabrekka



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2026 – 2027

Efnisyfirlit

1. Formáli ... 3
2. Inngangur ... 3
3. Skólastarfið/Leiðarljós ... 3
4. Mat á skólastarfi ... 4
Innra mat leikskólans ... 4
Innra mat 2025 – 2026 ... 5
Mat sérgreinastjóra á starfi í tónlist og skapandi hreyfingu ... 5
Mat barna ... 7
EFI, Hljóm-2 og hæfnirammar ... 7
Ytra mat ... 7
5. Umbótaáætlun ... 9
6. Áherslur í starfi leikskólans ... 9
7. Þróunar- og nýbreytnistarf ... 10
8. Foreldrasamstarf ... 11
Foreldraráð ... 11
Foreldrafélag ... 11
10. Símenntunaráætlun ... 11
Skipulagsdagar ... 11
11. Aðrar upplýsingar ... 12
12. Húsnæði og lóð ... 12
Skólaárið 2025 – 2026 ... 12
Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027 ... 12
13. Öryggismál ... 12
14. Lokaorð ... 13
15. Fylgigögn ... 13
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun ... 14
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun ... 15
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2026 – 2027 ... 17
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs ... 18
Fylgiskjal 5 Sameiginleg viðmið matskjöl ... 19

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, Menntastefnu Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Síðasta skólaár markaðist af miklum breytingum í Fögrubrekku. Edda Valsdóttir lét af störfum sem leikskólastjóri eftir 34 ára starfsferil í leikskólanum en auk hennar hurfu tveir reyndir deildarstjórar til starfa í öðrum leikskólum. Í upphafi skólaársins deildu Anna Friðriksdóttir aðstoðarskólastjóri og Egill Óskarsson deildarstjóri með sér stjórnun leikskólans en þegar leið á árið var Egill ráðinn tímabundið sem leikskólastjóri. Það hafði jákvæð áhrif þar sem þá gat Egill einbeitt sér að mestu að stjórnun leikskólans en á móti kemur þá fækkaði enn við það reynslumiklum deildarstjórum.

Eftir áramót varð vart við aukið álag, sérstaklega á yngri deild leikskólans. Það rekjum við til þess að þetta árið var mönnun í leikskólanum alveg á núlli, semsagt engin yfirmönnun, og að aukið hlutfall stöðugilda vegna stuðnings var minna en búist hafði verið við.

Þrátt fyrir þetta gekk skólaárið í heild sinni vel. Við erum stolt af því sem við gerðum saman í vetur og finnum að börnum líður vel í Fögrubrekku og samstarf við foreldra gengur vel.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Skólanámskrá leikskóla er lögð til grundvallar og starfað samkvæmt lögum um leikskóla. Leikskóli er fyrir öll börn á leikskólaaldri óháð atgervi og frá ólíkum menningarheimum og er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Áhersla er lögð á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er hafður að leiðarljósi en hann er kjarni uppeldisstarfsins og náms- og þroskaleið barna.

Hugmyndafræði Loris Malaguzzi, Reggio Emilia, er lögð til grundvallar í starfinu. Áhersla er lögð á skapandi starf í listgreinum, lýðræðislega starfshætti og getu barna til að afla sér reynslu og þekkingar á eigin forsendum. Starfsfólk kemur fram við börnin af virðingu, tekur tillit til þeirra og hlustar á rödd þeirra og líkamstjáningu. Í starfinu nýtir starfsfólkið opnar spurningar til að hvetja börnin áfram til náms. Þemastarf barnanna gefur þeim sveigjanleika, þau nálgast viðfangsefnið á sínum hraða og sínum forsendum. Tónlist og skapandi hreyfing er stór hluti í öllu starfi og er

samþætt inn í þemað. Hugmyndafræðin er lögð til grundvallar í öllu faglegu starfi, með áherslu á hópkennd, vináttu, samvinnu og félagsfærni.

Áhersla er lögð á að styðja og þróa námið í gegnum leik og skapa leiknum rými og tíma. Starfsfólk aðstoðar börnin við að efla jákvæð samskipti og sjá til þess að allir taki þátt. Sjálfstæði barna er eflt og gætt er að því að þau fái öll tækifæri til að þroska skilningarvit sín og tjáningarleiðir. Börnin fá svigrúm til að rannsaka og gera tilraunir, því er námsumhverfið mikilvægur þáttur sem þriðji kennarinn. Skólastarfið gengur einnig út á að láta börnunum líða vel undir öllum kringumstæðum. Að sýna þeim umhyggju, aðstoða þau, kenna þeim og fyrst og fremst að vera til staðar og hlusta á raddir þeirra.

Einkunnarorð skólans eru að sýna hvort öðru virðingu, sýna gleði og frumkvæði. Einkunnarorðin fléttast inn í daglegt starf, hvort sem um er að ræða frjálsan sjálfsprottinn leik eða faglegt starf.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá skólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi skólans Fögrubrekku eru *á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra*. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi skólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins, en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x		x	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Innra mat 2025 – 2026

Í innra mati Fögrubrekku þetta árið mátu deildarstjórar áhersluþætti skólaársins sem voru heilbrigði og vellíðan en það mat má sjá í fylgiskjali. Sérgreinarstjóri mat starf í tónlist og skapandi hreyfingu, sérkennslustjóri gerði mat um fyrirlagningu EFI, Hljóm-2 og hæfniramma auk þess sem hópstjórar elstu barnahópanna framkvæmdu mat með börnunum.

Mat sérgreinastjóra á starfi í tónlist og skapandi hreyfingu

Sambland tónlistar og skapandi hreyfingar er dýrmæt leið, þar sem börn þroskast líkamlega, vitsmunalega og tilfinningalega. Að hreyfa sig og dansa við tónlist, radda, syngja, spila á hljóðfæri og gera tilraunir eflir skynfæri barna. Hreyfing er barninu eðlislæg, stuðlar að vellíðan og veitir gleði og ánægju. Skapandi hreyfing er dansform sem sameinar hreyfingu og listræna tjáningu og í gegnum hana læra börnin að stjórna líkama sínum og auka um leið meðvitund sína um rými. Börn læra að hlusta og virða fyrirmæli annarra þegar þau hreyfa sig saman í sameiginlegu rými með öðrum. Tónlistin er í eðli sínu samskiptaform þar sem hennar er notið í samskiptum við aðra, oft til skemmtunar og sameiginlegrar gleði. Hún miðlar tilfinningum og styrkir félagstengsl á milli

fólks, óháð aldri. Sérgreinastjóri sér um tónlist og skapandi hreyfistundir barnanna. Tónlist og hreyfistundir eru samþættar þemaverkefni barnanna.

Börnin voru í tónlist einu sinni í viku og í hreyfistund aðra hvora viku. Rauðbrekka fór vetfangsferðir í tengslum við tónlist. Börn á Rauðbrekku fóru og sungu jólalög í Sunnuhlið fyrir eldri borgara í desember. Elsti hópurinn, Risaeðla-og Kríuhópur fór í skólatónleika Sinfóníuhljómsveitar Ísland „Stattu og vertu að steini“ í Hörpu í febrúar. Í maí tók elsti hópur þátt í frábært samvinnu verkefni með Tónlistarskóla Kópavogs og nokkrum leikskólum í Kópavogi, Söngvavori. Börnin lærði nokkur lög eftir Dr. Gunna og sungu með öðrum leikskólum og nemendahljómsveit Tónlistaskólans í Salnum. Á fagnaðarfundi komu börnin oft fram og sungu fyrir hin börnin í leikskólanum.

Risaeðlu – og Kríuhópur: Áherslan í vetur var að vinna saman sem hópur gegnum tónlist og skapandi hreyfingu. Kynnt voru ýmis hljóðfæri sem leikið er á í sinfóníuhljómsveitum, samspil og unnið að ýmsum verkefnum. Þeim fannst gaman að tjá sig á ýmsan hátt. Þau lærðu einnig grunnatriði tónlistarfræðinnar, eins og nótur og rytma. Eftir áramót lærðu börnin á blokkflautu. Þau lærðu lög eftir Dr. Gunna og unnu ýmis verkefni í kringum lögin. Hópurinn kom einnig fram á tónleikum í Salnum í Kópavogi og í útskriftinni sinni sungu og spiluðu börnin á blokkflautu fyrir gesti.

Draug - og Álfahópur: Áherslan í vetur var að skilja söngtexta betur. Börnin fengu tækifæri til að semja lög, að túlka og teikna hljóð og að spila á hljóðfæri. Þeim fannst gaman að spila á hin ýmsu hljóðfæri bæði frjálst og eftir fyrirmælum, að spila með púls og spila saman. Í vor vann hópurinn með tilfinningar eftir bókinni Drekinn innra með mér. Við ræddum saman um tilfinningar og tjáðu börnin þær með hljóðum og hreyfingum. Á foreldradeginum sungu börnin nokkur lög og túlkuðu tilfinningar á hljóðfæri.

Höfrungahópur: Í vetur var Höfrungahóp skipt í tvo hópa í tónlist í Tónaseli. Börnunum fannst mjög gaman að spila á ýmis hljóðfæri. Í tónlist var lögð á áhersla að hlusta á og greina ýmis hljóð, hlusta á tónlist, spila á hljóðfæri og hreyfa sig og stoppa eftir fyrirmælum. Í vor var hópurinn að vinna með fuglaþema og börnin lærðu nokkur lög um fugla. Einnig unnu þau verkefni gegnum tónlist og hreyfingu sem tengdust þemavinnu.

Hjá yngstu börnunum í Blómahóp og Regnbogahóp var lögð áhersla á að læra að vera í tónlistar og hreyfistund. Að hlusta á fyrirmæli, taka þátt, skiptast á hljóðfærum, syngja saman, spila saman á hljóðfæri og dansa með tónlist. Börnin fengu að kynnast ýmsum hljóðfærum sem þau fengu einnig að prófa. Í hreyfistund var dansað saman og farið í hreyfileiki og þrautabrautir. Börnin voru mjög dugleg við að hlusta og hreyfa sig við það sem þau heyrðu í eigin eyrum. Á foreldradegi, tóku foreldrarnir þátt í tónlist og hreyfistund. Foreldrarnir sungu og dönsuðu með börnunum.

Allt gekk vel í starfinu mínu í vetur. Ég mun halda áfram að leggja meiri áherslu á samsöng á deildinni og fara í vettvangsferðir með hópunum og syngja fyrir eldri borgara og fl. Að koma fram fyrir framan fólk er góð leið til að byggja upp sjálfstraust. Markmiðið næsta vetur er að nýta uppeldisfræðingar skráningar til að þróa og vinna þau verkefni sem börnin hafa áhuga á. Áhersla verður lögð á að börnin taki meiri þátt í þróun eigin verkefna og að nýta könnunaraðferðina og myndræna samræðu. Ég hef lagt til að hafa reglulega fundi með hópstjórum þar sem rætt er um að þróa þemastarfið. Ég held áfram að vinna á skapandi og fjölbreyttan hátt. Það er svo skemmtileg.

Asako Ichihashi, sérgreinastjóri

Mat barna

Börn í elstu tveimur hópum leikskólans mátu leikskólastarfið á skólaárinu. Þau svöruðu spurningum um leikskólann og einnig gerði hluti barnanna hugarkort. Helstu niðurstöður voru þær að börnin eru jákvæð gagnvart leikskólanum og að þeim finnst gaman að koma í leikskólann. Þeirra uppáhalds viðfangsefni í leikskólanum er leikurinn, bæði úti og inni. Þá kom í ljós að ánægja barnanna með matinn í leikskólanum er mikil.

EFI, Hljóm-2 og hæfnirammar

EFI-2 er skimun sem metur bæði málskilning og máltjáningu og er lögð fyrir öll börn á fjórða ári. Markmið skimunarinnar er að grípa börn sem kunna að vera með frávik í málþroska, svo hægt sé að bregðast tímanlega við með markvissri málörvun og, ef þörf er á, óska eftir frekara mati talmeinafræðings.

Deildarstjórar sem hafa lokið réttindanámskeiði fyrir EFI-2 sinna oft fyrirlögn í samráði við sérkennslustjóra, sem kemur einnig að framkvæmd og eftirfylgd. Ef barn skorar undir viðmiðum er fundað með foreldrum þar sem farið er yfir niðurstöður og næstu skref ákveðin í sameiningu.

Hljóm-2 er skimun sem metur hljóðkerfis- og málvitund barna og er lögð fyrir öll börn á elsta ári að hausti. Skimunin hefur forspárgildi fyrir lestur og lesskilning.

Ef barn skorar undir viðmiðum að hausti eru viðeigandi inngrip nýtt, sem geta falist í einstaklingsþjálfun, vinnu í litlum hópum eða markvissum verkefnum fyrir allan hópinn, eftir þörfum barnsins. Fyrir þau börn sem þurfa frekari eftirfylgd er skimunin endurtekin að vori til að meta framfarir.

Niðurstöður eru kynntar foreldrum í foreldrasamtölum eða á teymisfundum. Að vori eru upplýsingum einnig miðlað til viðeigandi grunnskóla til að tryggja samfellu í stuðningi við upphaf skólagöngu.

Við mat á málþroska fjöltyngdra barna eru nýttir hæfnirammar í íslensku fyrir leikskóla. Þar sem EFI-2 og Hljóm-2 eru staðlaðar skimarnir fyrir börn með íslensku sem móðurmál, geta þær gefið takmarkaða eða skakka mynd af stöðu fjöltyngdra barna.

Hæfniramminn styður kennara við að meta framvindu barnsins í íslensku út frá tíma þess í íslensku málumhverfi og gefur því raunhæfari mynd af málþroska þess. Hann er þannig mikilvæg viðbót við aðrar skimarnir og styður við markvissa skipulagningu málörvunar.

Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð áhersla á heilbrigði og vellíðan í innra mati.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Vinnustaðagreining Prósent

Prósent vann vinnustaðagreiningu fyrir leikskólann um vorið. Heilt yfir voru niðurstöður jákvæðar. Starfsánægja mældist mikil og sama má segja um hollustu og tryggð. Þá er starfsfólk ánægð með samskipti og samstarf innan leikskólans og traust til næsta yfirmanns er mikið.

Þeir þættir sem mældust lægri voru álag og starfskilyrði. Það kemur ekki á óvart að álag hafi verið mikið á starfsfólki þar sem mikið var um langtímaveikindi í vetur og breytingar og óvissa í kjölfar þeirra hafði án nokkurs vafa áhrif. En niðurstöðurnar í heild sinni sýna þó að starfsfólk er ánægt og vinnur vel saman.

Skólapúls – foreldrakönnun

Í vor lagði Skólapúlsinn könnun fyrir foreldra í Fögrubrekku. Niðurstöður úr henni voru góðar, en gefa líka tilefni til umbóta. Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með leikskólann og líðan barna kemur sérstaklega vel út. Foreldrar gefa félagslegum samskiptum og tengsl við starfsfólk einnig mjög háa einkunn. Ánægja er með stjórnun og foreldrar finna hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu.

Það sem kom ekki eins vel út var upplýsingaflæði til foreldra, sem mældist undir landsmeðaltali, en einhverjir foreldrar vildu fá reglulegri fréttir af starfinu, t.d. einhverskonar vikupósta. Einnig var ánægja með matinn í leikskólanum undir landsmeðaltali en þess má þó geta að síðan að könnunin var lögð fyrir hefur matráður leikskólans snúið til baka úr fæðingarorlofi, en niðurstöður úr fyrri könnunum Skólapúls voru betri þegar hún var við störf.

Heilbrigðiseftirlit

Heilbrigðiseftirlitið framkvæmdi reglubundið eftirlit í september 2025. Gerðar voru nokkrar athugasemdir sem búið er að bregðast við að hluta en aðrar þurfa líklega að fylgja með stærri framkvæmdum sem liggja fyrir á efri hæð leikskólans.

Vinnueftirlit.

Ekki var gerð úttekt á vegum Vinnueftirlits þetta skólaár.

Eldvarnareftirlit

Slökkvitæki voru skoðuð þann 19.6.2025 – Leikskólastjóri og yfirmaður fasteigna fá niðurstöður úttekta og bregðast við, ef þarf. Umsjónarmaður fasteigna gerir reglulegt yfirlit á eldvörnum og færir í skýrslu.

Öryggiseftirlit lóða

Útisvæði er yfirfarið á hverjum morgni og starfsfólki ber skylda að skrá í öryggismöppu öll frávik á lóð. Öryggiseftirlit var síðast framkvæmt 2024 af BSI. Þegar við teljum eitthvað vera ábótavant varðandi lóðina þá höfum við samband við Áhaldahúsið og þeir sem starfa þar bregðast fljótt við.

Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð fyrir könnun meðal starfsfólks á vegum Skólapúlsins.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið skólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Fögrubrekku er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

6. Áherslur í starfi leikskólans

- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna veitir sýn á stöðu barna í samfélaginu og tryggir þeim sérstaka vernd, umönnun og þátttöku þeirra. Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi. Grundvallargreinar barnasáttmálans eru fjórar: 2. gr. - Öll börn eru jöfn. 3. gr. - Það sem barninu er fyrir bestu. 6. gr. - Líf og þroski. 12. gr. - Virðing fyrir skoðunum barna. Lykilhugtökin eru umhyggja, vernd og þátttaka. Barnasáttmálinn mun fléttaðist inn í starf og daglegt líf barnanna. Fagrabrekka hyggst sækja um að verða réttindaskóli Unicef skólaárið 2027-2028.
  Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun krefjast þátttöku og samstarfs allra í skólanum. Lagt er upp með að starfsfólk, börn og foreldrar leggi sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Börnunum verður kennt að flokka rusl inni og úti svo þau öðlist skilning á hversu mikilvægt það sé fyrir jörðina. Á plokkdegi er unnið sérstaklega með rusl, þannig vinnum við að því að börnin átti sig á tilgangi hringrásarinnar. Okkar skóli, stutt lýsing hvernig verkefnið er unnið með börnunum.
- Læsistefna um mál og lestur var gerð í skólanum janúar 2018, í samræmi við aðalnámskrá og stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur. Læsisstefnan er í öllu daglega starfi skólans. Í skólanum er starfsfólkið meðvituð um mikilvægi læsis í daglegu starfi og hafa ávallt unnið með það að leiðarljósi. Í samverustundum er lesið daglega, sungið og farið með þulur og börnin fara í Bókasafn Kópavogs. Í tónlist er unnið með rím og takt, atkvæði klöppuð og lög æfð. Á fagnaðarfundi er lesið með eða án handbrúða, bókabíó, sögur sagðar, sungið og sýnd skuggaleikhús. Börnin koma fram, segja frá verkefnum sínum, syngja og dansa.
  Í læsishvetjandi umhverfi verða markmið skólans: Að hafa bækur sem hvetja til samræðu, bók- og tölustafi, ritföng og spil sýnileg og aðgengileg börnum. Að starfsfólk sé meðvitað um að læsi er hluti af öllu daglega starfi, jafnt inni sem úti. Að fá foreldra til liðs við okkur, t.d. með lestrarátökum bæði í leikskólanum og heima. Að virkja starfsfólk í lestri bóka. Að auka meðvitund og virkni starfsfólks og barna með auknum lestri, samræðum og textagerð. Starfsfólk þarf að vera góð fyrirmynd barnanna, vanda málfar og nota fjölbreyttan orðaforða. Það þarf að spyrja börnin opinna spurninga; Hvað, hvernig og hvers vegna, og sýna þeim virðingu með því að hlusta á þau, spjalla og ígrunda með þeim. Einnig þarf starfsfólkið að vera meðvitað um að öll börnin fái tækifæri til að tjá sig um það sem þeim býr í brjósti. Það verður lögð áhersla á að lesa bækur með börnunum, segja þeim sögur sem henta aldri þeirra og þroska og ræða innihald bókarinnar með áherslu á hin ýmsu orð og hvetja þau til að setja orð á hluti og daglegar athafnir. Starfsfólk verður kvatt til að sækja sí- og endurmenntun um nýjungar í læsi og kynna sér kennsluefni sem stuðlar að læsi.
  Í daglegu starfi skólans eru börnin einnig hvött til sjálfshjálpar, því er hverju barni gefinn góður tími. Starfsfólkið auðgar tungumálið með því að leika með það og tala um hlutina við börnin um leið og þeir eru framkvæmdir. Börnunum eru kenndir almennir borðsiðir, þau æfð í að

biðja um aðstoð með orðum og spjallað er saman um ýmsa áhugaverða hluti. Börnin er hvött til að koma með bækur að heiman og starfsfólkið notar bangsann Blæ til að koma af stað samræðum og spjalli. Starfsfólkið ræðir við börnin um ýmis hugtök, liti og form sem eflir læsis- og stærðfræðivitund þeirra. Til að gera fjölmenningu skólans sýnilegri fyrir börn, foreldra og starfsfólk þá eru fánar þeirra barna sem eru af erlendum uppruna límdir á stórt landakort. Erlend lög eru sungin, boðið er góðan daginn á ýmsum tungumálum og á veggjum hangir velkomin á ýmsum tungumálum.

- Unnið verður að markvissri málstefnu á næsta skólaári og verður sú vinna í höndum sérkennslustjóra ásamt teymi sem hún skipar. Málstefna skólans er að Íslenska er skólamálið okkar. Við hvetjum börn og starfsfólk til að tala íslensku, því það er góður grundvöllur fyrir alla að hafa samskipti á sameiginlegu tungumáli. Það er mjög mikilvægt að öll börnin auðgi þekkingu sína í íslensku til að undirbúa sig fyrir komandi ár í grunnskóla og allt fram á fullorðins ár og að þau eigi greiða leið að þátttöku í íslensku samfélagi. Íslenska er skólamál fyrir starfsfólk og börn og eiga allir að tala íslensku sín á milli í skólanum. Við notum skimunarlista fyrir íslenskt mál til að meta málþroska barna á íslensku, til að geta gripið inn í og veitt börnum aukna málörvun sem það þurfa. Erlent starfsfólk skólans hefur sótt námskeið í íslensku til auka færni sína í tungumálinu.
  Í Fögrubrekku er heimatungumál og menningarbakgrunnur barna og foreldra fjölbreyttur. Við leggjum áherslu á það við foreldra að börnin tala íslensku í skólanum. Einnig hvetjum við foreldra til að tala sitt móðurmál heima svo að börnin hafi sterkari grunn til þess að byggja á. Þá leggjum við okkur fram við að veita foreldrum með fjölbreyttan tungumálabakgrunn aukalega fræðslu eða upplýsingar eins og þörf er á, meðan þau eru að læra íslensku og fóta sig í nýju landi.
- Vinna við nýjar áherslur í aðal- og skólanámskrám mun hefjast á komandi skólaári.
- Unnið er að því að innleiða notkun hæfniramma fyrir börn með annað heimamál en íslensku. Stefnt er á að þeir verði lagðir fyrir öll börn með annað heimamál en íslensku til að meta stöðu þeirra. Sérkennslustjóri og deildarstjórar vinna saman að þessari innleiðingu.
- Handbók um móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hefur ekki verið nýtt á skipulegan þátt en stefnt er að því að hún verði meira notuð.
- Innleiðing farsældarlaga hefur gengið vel. Sérkennslustjóri hefur haldið utan um þá vinnu sem tengiliður og staðið sig mjög vel. Starfsfólk hefur fengið kynningar á farsældinni síðustu ár á skipulagsdögum og deildarstjórar og aðrir stjórnendur á námskeiðum. Við munum halda þessari vinnu áfram. Næstu skref er að koma fleirum jafn mikið inn í þessa vinnu og sérkennslustjóra og hefur einn deildastjóri tekið að sér að vera sá aðili. Þannig minnkar álag á sérkennslustjóra og samfella í þessum málaflokki er betur tryggð.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Hópstjórafundir verða einu sinni í mánuði, nýttir til umræðu og ígrundunar um faglega starfið með börnunum, til að deila hugmyndum og á að veita góðan stuðning við hópstjórana. Áfram verður unnið með breytt dagskipulag á Rauðubrekku (eldri deild) þar sem hópar eru fleiri daga á hverju svæði. Á næsta skólaári er stefnt á að hefja vinnu að gerð nýrrar námskrá Fögrubrekku. Allt starfsfólk skólans mun koma að því verkefni og innleiðingu hennar.

8. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forsjáraðilar eru hvattir til þátttöku í skólastarfinu og mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um starf barnanna og skólans. Að rækta dagleg samskipti og hafa gott upplýsingastreymi eru grundvallarþættir til að stuðla að jákvæðum og traustum samskiptum milli foreldra og starfsfólks. Stuðlað er að þátttöku foreldra í starfinu og borin virðing fyrir þeim ákvörðunum sem þeir taka. Foreldrar er hvattir til að láta vita hvað hægt er að gera betur. Hópstjórar bjóða foreldrum í samtal tvisvar yfir skólaárið, að hausti og að vori. Foreldrum er boðið á hverju ári að taka þátt í lestrarátaki þar sem Bókaormurinn er í aðalhlutverki. Foreldrar fá að jafnaði boð einu sinni í mánuði á ýmsa viðburði. (Sjá skóladagatal, fylgiskjal 3).

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern skóla og markmið þess er að styðja við starf skólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu skólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við skólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Á aðalfundi foreldrafélagsins er kosið í nýja stjórn, tilkynnt í tölvupósti til foreldra og á heimasíðu skólans. Sitjandi stjórnarmenn mega gefa kost á sér aftur.

9. Starfsfólk

Í skólanum er gert ráð fyrir 16.74 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 40% stöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 1.62% stöðugildi í eldhúsi. Að auki er starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Samanlögð stöðugildi verða líklega næsta skólaár 21,18. Síðasta skólaár voru stöðugildi samtals 21,08. Á næsta skólaári verður leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, 5 kennarar, 2 háskólamenntaðir starfsmenn, 3 leikskólaliðar og þar af einn sem er í leikskólakennaranámi, 9 starfsmenn, 2 nemar í skilastöðu, matráður og aðstoðarmatráður.

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

(Hvaða dagar eru þetta og hvað verður gert).

1. *Miðvikudaginn 23. september- Veturinn kortlagður. Setjum niður fasta tíma til að vinna með ákveðin viðfangsefni, t.d. Lubba og Blæ, deilum ábyrgð og kynnum okkur efnivið og prófum.*
2. *Miðvikudaginn 11. nóvember – Vinna að námskrá*
3. *Föstudaginn 15. janúar – Fyrri hluti skólaársins metinn – umræðuhópar. Leikskólaheimsóknir.*
4. *Þriðjudaginn 9. mars – Ókveðið*
5. *Miðvikudaginn 5. maí - Námsferð*
6. *Föstudaginn 7. maí - Námsferð*

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólk til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði.

11. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna Í skólanum verða 67 börn. Ekki er enn búið að fylla öll pláss en eins og staðan er þegar þetta er ritað verða 20 börn fædd 2021, 11 fædd 2022, 11 fædd 2023, 15 fædd 2024 og 9 fædd 2025. Það verða 27-30 börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
Dvalartími barna er breytilegur

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2025 – 2026

Svið var sett upp í Hreyfisal á neðri hæð en það nýtist okkur mjög vel í starfi með börnunum. Einnig var klifurveggur í Hreyfisal kláraður og dýnur fengnar undir hann. Lagfæringar voru gerðar á dreni við Tónasel í neðri garði leikskólans þar sem oft myndast pollar. Ljóst er að frekari aðgerða er þörf þar sem enn drenast ekki nægileg vel í jarðveg. Laga þurfti stjórnstöð fyrir háf í eldhúsi. Gúmmímottur voru settar yfir gras á lóð leikskólans. Rafmagnstöflur voru endurnýjaðar.

Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027

Enn á eftir að fara í framkvæmdir á efri hæð leikskólans. Það liggur fyrir að það þarf að útbúa ný brunahólf á allri hæðinni þar sem flóttaleiðir og annað eru ekki eftir reglugerð. Annað viðhald á efri hæðinni bíður á meðan þar sem þar er helst um að ræða endurnýjun á hurðum, málun og annað. Það þarf þó einnig að skoða glugga á efri hæðinni. Útidyr á efri hæð þurfa yfirhalningu eða hreinlega endurnýjun og þá er salerni starfsfólks orðið lúið. Smíða þarf nýjar plötur ofan á leiktæki í Hreyfisal en þeim var hent þegar mygla kom upp á neðri hæð. Þá þarf Tónaselið, litla húsið í garði leikskólans þar sem tónlistarstarf leikskólans fer fram, yfirhalningu. Gott væri að það yrði málað að utan en einnig þarf að skipta um þakrennur. Að lokum er loftun á nýrri skrifstofu leikskólastjóra nær engin og þörf á að huga að henni, t.d. með því að setja upp viftu.

13. Öryggismál

Í skólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.
Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Öryggisnefnd: Anna Friðriksdóttir og Ragna Björg Guðmundsdóttir
Öryggistrúnaðarmaður: Ragna Björg Guðmundsdóttir
Öryggisvörður: Anna Friðriksdóttir
Áfallaráð: Egill Óskarsson og Valgerður Steingrímsdóttir

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Sjóvá.

Skólaárið 2025 - 2026

Eitt barn slasaðist við að falla úr rólu. Í ljós kom að á fallsvæðinu undir rólunni var skófla. Lögð hefur verið áhersla á það síðan að ekkert sé á fallsvæðum undir rólum og öðrum leiktækjum. Að öðru leyti hafa ekki komið upp atvik utan stöku smápústra sem ekki þurftu meðferð eða eftirfylgni með.

14. Lokaorð

Við í Fögrubrekku erum stolt af starfi okkar nýliðið skólaár og horfum björtum augum til þess næsta. Við ætlum að halda áfram að þróa faglega starfið í leikskólanum og munum nýta skipulagsdag í upphafi skólaárs til þess að reyna að efla allt starfsfólk í skipulögðu starfi, eins og t.d. málörvunarstundum. Við ætlum að taka vel á móti og halda utan um börn með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn sem við teljum ekki vanþörf á enda eru þau hátt hlutfall af barnahópnum.

Ég, Egill starfandi leikskólastjóri, ætla að leyfa mér að tala útfrá sjálfum mér hér í blálokin. Þetta er fyrsta starfsáætlunin sem ég held utan um að skrifa. Eitt af mörgum fyrstu skrefum mínum þetta skólaárið, þar sem ég hef sinnt þessari stöðu í fyrsta skipti. Þessi vetur fól í sér margar áskoranir fyrir mig en það sem stendur upp úr er að ég fann fyrir miklum velvilja og stuðningi þess frábæra fólks sem myndar starfshópinn í Fögrubrekku, auk þess sem starfsfólk leikskóladeildar, stjórnendur annarra leikskóla og forveri minn í starfi studdu mig og gáfu góð ráð.

Leikskólinn Fagrabrekka heldur inn í nýtt starfsár fullur af bjartsýni.

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Leggja fyrir Efi-2 skimun fyrir viðeigandi aldur	Stefnu sveitarfélags	Réttindanámskeið	2026/2027	Sérkennslustjóri	Öll börn fá niðurstöðu og unnið með hana	Starfsfólk farið á námskeið
